

tryggingarfélagum til tryggða sjálfs eða þeirra aðstandenda hans, sem bætunarnar eiga að hljóta. Þessi lífeyrir skal ekki skerða önnur eftirlaun, er hlutaðeigandi kann að eiga rétt á. 76 27. júní

Sama skylda hvílir og á útgerðarmönnum annarra skipa en farskipa, ef þau sigla til útlanda, enda fer um trygginguna að öðru leyti á sama hátt sem um farskip væri að ræða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki.

77

27. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Meðan núverandi styrjöld er háð, skal vernd skrásettra, erlendra vörumerkja, sem endurnýja þarf samkvæmt 10. gr. vörumerkjalaganna, haldast, enda þótt tilkynning sú, sem um ræðir í 2. mgr. téðrar greinar, hafi ekki borizt skráritara í tæka tíð.

Meðan ákvæði þetta er í gildi, skal heimilt að endurnýja vernd skrásettra erlendra vörumerkja, enda þótt tilkynningar um endurnýjanir séu afhentar síðar en 10. gr. vörumerkjalaganna ákveður.

Endurnýjun vörumerkjaverndar samkvæmt þessari grein telst frá þeim degi, er verndartími samkvæmt vörumerkjalögum rann út.

2. gr.

Nú verður sú breyting á ófriðarástandinu, að telja má samgöngur orðnar svo greiðar, að ekki sé ástæða til að halda ákvæðum 1. gr. lengur í gildi, og koma þá ákvæði 3. gr. til framkvæmda.

3. gr.

Að ófriðnum loknum eða þegar svo er ástatt, sem um ræðir í 2. gr., skal atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið með auglýsingú í Lögbirtingablaðinu setja tiltekinn frest til endurnýjunar, en að þeim tíma liðnum skal verndin falla niður, hafi ekki vörumerkjaskráritara borizt tilkynning um endurnýjun skrásetningar, áður en fresturinn er útrunninn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

Ólafur Thors.